

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2426/2000

2003/EES/49/09

frá 31. október 2000

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2000 ⁽²⁾, einkum a-lið 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í a-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er tilskilið að aðeins sé heimilt að markaðssetja afurðir sem fluttar eru inn frá þriðja landi ef þær eru upprunnar í þriðja landi sem er tilgreint í skrá sem er samin í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þeirrar greinar. Slík skrá var sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1616/2000 ⁽⁴⁾.
- 2) Argentínsk yfirvöld hafa farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún skrái nýjan eftirlits- og vottunaraðila í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 94/92.

3) Argentínsk yfirvöld hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina allar nauðsynlegar ábyrgðir og upplýsingar til að sýna fram á að nýi eftirlits- og vottunaraðilinn uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er hér með breytt eins og kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað 3. liðar textans sem fjallar um Argentínu:

„3. Eftirlitsaðilar:

- Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SRL (Argencert).
- Organización Internacional Agropecuaria (OIA)
- Letis SA“

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 279, 1.11.2000, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 185, 25.7.2000, bls. 62.